

Ed.

508. Nefndarátt

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 10, 27. júní 1921, um sendiherra í Kaupmannahöfn.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir athugað þetta mál og fengið ítarlegar skýringar frá hæstv. forsætisráðherra um, hversu hann telur, að koma megi fyrir yfirstjórn íslensku skrifstofunnar í Khöfn, ef sendiherraembættið er lagt niður. Virðist þar vera

vel sjeð fyrir, ef Jón Krabbe, hinn góðkunni forstöðumaður íslensku skrifstofunnar í Khöfn, tekur að sjer forstöðu þeirra mála, með þeim störfum, er hann hefir áður að gegna.

Almennur þjóðarvilji er fyrir því, að sendiherraembættið verði lagt niður, og þá vitanlega lögin nr. 10, 27. júní 1921, feld úr gildi. Kom þessi þjóðarvilji glögglega fram við meðferð málsins í háttv. neðri deild, og má vænta, að háttv. efri deild standi þar eigi að baki. Er því lagt hjer til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 1. maí 1924.

Jónas Jónsson.